

Alþingi
Erindi nr. P 139/1812
komudagur 28.3.2011



SKIPULAGSFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS
Pósthólf 298, IS-121 Reykjavík

Hafnarfirði 25.03.2011.

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um Vegagerðina.

Skipulagsfræðingafélag Íslands hefur á aðalfundi sínum 24.03.2011 fjallað um frumvarp til laga um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, mál nr. 386. Skipulagsfræðingafélagið hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Almennt.

Skipulagsfræðingafélagið telur það jákvætt að stofnanir þær sem fjalla um samgöngumál séu færðar undir sama hatt. Mikilvægt er að skoða samgöngumál sem eina heild, þar sem hinir ýmsu samgöngumáttar eru samverkandi og nauðsynlegt er að skoða samþættingu þeirra út frá þjónustusjónarmiði, hagkvæmnisjónarmiði, umhverfisáhrifum, samfélagslegum áhrifum, áhrifum á heilsufar, samþættingu við skipulagsáætlanir ríkis, svæða og sveitarfélaga, áhrifum á þróun byggðamála og áhrifum á byggðamynstur þéttbýlisstaða.

Í ljósi þessa mikilvæga hlutverks telur Skipulagsfræðingafélagið að umsagnarferli um frumvarpið sé ábótavant, þar sem einkum hefur verið leitað umsagnar þröngs hóps hagsmunaaðila og opinberra aðila. Nauðsynlegt hefði verið að leita einnig umsagnar aðila með sérþekkingu á þeim atriðum sem að ofan eru talin, svo sem háskóla, rannsóknarstofnana og fagfélaga.

Enn fremur telur Skipulagsfræðingafélagið að auglýsa eigi starf forstöðumanns hinnar nýju stofnunar, þar sem hlutverk hennar verði aukið í að vera mun meira en summa af starfsemi þeirra stofnana sem sameinast. Mikilvægt er að meta hæfi nýs forstöðumanns með hliðsjón af því.

Skipulagsfræðingafélagið leggur til að inn í frumvarpið verði bætt eftirfarandi atriðum:

1.grein. Hlutverk og markmið.

Inn í greinina verði bætt eftirfarandi málsgrein:

Vegagerðin hefur það hlutverk að stuðla að skipulagi og uppbyggingu samgöngukerfis fjölþættra samgöngumáta sem uppfylli kröfur um þjónustu, hagkvæmni, umhverfisáhrif, samfélagsleg áhrif, áhrif á heilsufar, skipulagssjónarmið, áhrif á þróun byggðamála og áhrif á byggðamynstur þéttbýlisstaða.

4.grein. (Verkefni) Almenn.

Í 2. málsgrein bætist (*skáletrað*):

Stofnunin tekur þátt í gerð samgönguáætlunar. Stofnunin mótar almenna stefnu og viðmið um *heildarskipulag og uppbyggingu fjölþætts samgöngukerfis*, byggingu, viðhald og þjónustu samgöngumannvirkja, annast forsendugreiningu og frumrannsóknir vegna þeirra, greinir og ber saman ólíka valkosti, gerir tillögu að forgangsröðun verkefna, frumhannar mannvirki og metur kostnað, arðsemi, *samfélagsleg áhrif, samræmi við skipulagsáætlanir, áhrif á byggðaþróun, áhrif á byggðamynstur* og umhverfisáhrif þeirra. Þá sér stofnunin um framkvæmd samgönguáætlunar, þ.e. verkhönnun framkvæmda, útboð verkefna, samninga við verktaka, eftirlit á framkvæmdatíma, skilamat og uppgjör.

Ákvæði til bráðabirgða.

2. Þetta ákvæði orðist þannig:

Þrátt fyrir 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða verða störf forstöðumanna þeirra stofnana sem sameinast í Vegagerðina lögð niður þegar lög þessi koma til framkvæmda. *Þar sem starfsemi hinnar nýju stofnunar verður fjölþættara en summan af starfsemi þeirra stofnana sem sameinast verður starf nýs forstöðumanns auglýst. Ráðherra er heimilt að taka ákvörðun um að flytja forstöðumann úr hópi núverandi forstöðumanna samgöngustofnana í embætti forstjóra Vegagerðarinnar, sbr. 36. gr. laga nr. 70/1996. Þeim forstöðumönnum sem ekki hljóta áframhaldandi skipun skulu boðin störf í Vegagerðinni eða Farsýslunni.*

F.h. Skipulagsfræðingafélags Íslands.

Virðingarfyllst,



Dr. Bjarki Jóhannesson
Formaður Skipulagsfræðingafélags Íslands.
bjarkij@simnet.is
Sími 664 5611.